



**Samtök verslunar og þjónustu**  
*Federation of Trade & Services*

## Fréttatilkynning

10. júlí 2008

### **RR-SKIL stofnuð - Félag til að reka skilakerfi framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja**

Í morgun, þann 10 júlí, var haldinn undirbúningsstofnfundur félags til að reka skilakerfi framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja. Félagið fékk nafnið RR-SKIL.

Markmið félagsins er að reka skilakerfi framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja í samræmi við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og starfssvæði félagsins er allt landið. Í samræmi við markmið félagsins skal það vinna að eftirtöldum verkefnum:

- kosta afnot af aðstöðu raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga,
- tryggja söfnun og móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá söfnunarstöðvum og í samráði við söfnunaraðila, alls staðar á landinu,
- tryggja að raf- og rafeindatækjaúrgangur sé meðhöndlaður af atvinnurekstri sem hefur gilt starfsleyfi,
- kosta geymslu, safna og taka á móti og kosta meðhöndlun á því heildarmagni raf- og rafeindatækjaúrgangs sem jafngildir markaðshlutdeild þeirra framleiðenda og innflytjenda sem samning hafa við félagið.

Stofnfélagar í RR-SKILUM eru SI – Samtök iðnaðarins, Norvik – Elko, Rafha ehf., Securitas hf., Johan Rönning, Húsasmiðjan, Ölgerðin ehf., Heimilistæki og Vífilfell.

Stjórn RR-SKILA er skipuð þeim Hlíðari Þór Hreinssyni frá Heimilistækjum sem jafnframt er formaður stjórar, Árna Guðmundssyni frá Securitas, Jóni Bjarna Gunnarssyni frá SI, Kristjáni Páli Hrafnkelssyni frá Johan Rönning og Víði Péturssyni frá Húsasmiðjunni. Stjórnin mun koma saman á næstunni og ganga frá ráðningu starfsfólks og leigu á húsnæði ásamt því að leggja línurnar fyrir starfsemina.

Nánari upplýsingar: Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVP, s. 511-3000 - gsm: 820-4500

**SVP- Samtök verslunar og þjónustu** eru málsvari verslunar- og þjónustugreina á Íslandi. Meira en 400 fyrirtæki í öllum landshlutum eru aðilar að samtökunum. Á meðal aðildarfélaga eru ýmis af stærstu fyrirtækjum landsins, en þorri aðildarfyrirtækja eru smáfyrirtæki. Verslun og þjónusta eru nánasti hlekkur þjónustukeðjunnar við hina rúmlega 300 þúsund neytendur í landinu auk fleiri ferðamanna sem sækja landið heim árlega. Það vinna yfir 21 þúsund manns í versluninni og 90 þúsund í þjónustu, þar af helmingur í opinberri þjónustu. Framlag verslunar til landsframleiðslu eru 12% en þjónustu 55%, þar af er hlutur opinberrar þjónustu um 36%.

